

— **Brjef landshöfðingja til biskupsins um endurgjald uppí skuld kirkju til prests.** 224
 — Samkvæmt tillögum yðar, herra biskup, í brjefum frá 16. og 21. þ. m. fellst jeg á, 23. des. að fyrrverandi prestur að Hofi í Álptafirði, þræp. honor. sjera Þórarinn Erlendsson fái árlega frá fardögum 1882 og um næstu 10 ár, ef hann lifir svo lengi, 25 kr. árlega af hreinum tekjum Hálskirkju í Hamarsfirði, eða mest 250 kr., allt uppí þá 507 kr. skuld, sem tjeð kirkja var í við hann, þá er hann skilaði henni af sjer.

Þetta er tjáð yður, herra biskup, til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstöfunar.

— **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um barnaskólann á Akureyri.** — Samkvæmt því, sem tekið er fram í 2 brjefum yðar, 27. des. herra amtmaður, frá 12. ágúst og 18. okt. þ. á. og fylgiskjölum þeirra, hafa nokkur undanfarin ár verið kennarar við barnaskólann á Akureyri, sem hafa haft 120—130 kr. í laun um mánuðinn, en nú hefir það verið afráðið, að á komandi vetri skyldi ekki vera nema 1 kennari við barnaskólann með 60—80 kr. kaupi um mánuðinn, og hafa laun þessi verið veitt með hinum árlegu fjárhagsáætluum bæjarins, er samþykktar hafa verið af amtinu, en það hefir verið vanrækt, að leita æðri úrskurðar á þessari fjárveitingu samkvæmt 25. grein reglugjörðar 29. ágúst 1862, og hafið þjer nú, herra amtmaður, eptir beiðni bæjarstjórnarinnar leitað úrskurðar míns um tjeð laun.

Af brjefi bæjarfógetans frá 15. okt. þ. á. sjest, að tala barna þeirra, sem kennslu njóta í skólanum á Akureyri, hafi undanfarin ár verið um 20, en að nú geti þau að eins orðið um 10. Tölur þessar eru furðanlega litlar, þegar þær eru bornar saman við fólksfjölda bæjarins, og vil jeg því, um leið og jeg samkvæmt 20. grein auglýsingar 22. febr. 1875 fellst á, að bæjarstjórnin verji allt að 130 kr. mánaðarlega til launa handa kennurunum við barnaskólann, skora á yður, herra amtmaður, að brýna fyrir bæjarstjórninni, að það sje skylda hennar, að sjá í sameiningu við hlautadeigandi sóknarprest um það, að öll börn í umdæmi bæjarins fái hina lögboðnu uppfræðingu; sbr. 4. grein laga 9. janúar 1880 (A. 2.)

— **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um kostnaðinn við sendingu á sýsluskjölum til landsskjalasafnins.** — Út af fyrirspurn yðar, 27. des. herra amtmaður, í brjefi frá 7. október þ. á. vil jeg tjá yður, að sýslumenn þeir, er hafa sent hingað á síðastliðnu sumri skjalasöfn sín, hafa haft undir þau koffort, er þeir hafa tekið aptur, þegar búíð var að taka úr þeim skjölin, og fæ jeg ekki sjeð, að niðurlag 4. greinar auglýsingar 3. apríl þ. á. (B. 54) eigi við kostnaðinn við að smíða kassa utanum skjöl þau og bækur, sem gjört er ráð fyrir að sendar verði í landsskjalasafnið.

— **Brjef landshöfðingja til yfirskattanefndarinnar í Mýrasýslu um tekjuskatt af arði af prestssetri.** — Í þóknanlegu brjefi frá 18. okt. þ. á. hefir yfirskattanefndin tjáð 28. des. mjer álit sitt um erindi sjera Jónasar Guðmundssonar á Stadarhrauni, þar sem hann ber sig upp undan því, að hann hafi verið krafinn um tekjuskatt af arðinum af jörðunni Stadarhrauni með hálfum Hvalseyjum, Gömlueyri og upprekstrarlandi Hitardals, þó tekjur hans af fasteignum þessum renni beinlinis til hans og því virðast undanþegnar tekjuskatti samkvæmt niðurlagi 5. gr. í tekjuskattslögum 14. des. 1877 (A. 23.)

Fyrir því vil jeg nú, um leið og jeg skírskota til brjefa landshöfðingja frá 11.

227 janúar 1879 (B. 4.) og 14. septbr. 1881 (B. 102) tjá yfirsattanefndinni til þóknanlegrar
28. des. leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda, að spurningin um skattskyldu hans í hinu umrædda tilliti sæti úrlausn dómstólanna.

228

Amtsráðsskýrsla

[Framhald frá bls. 189].

8. Samkvæmt því sem ályktað hafði verið á fundi amtsráðsins 7. marz 1882 (Sbr. Stjórnartíðindi, 1882 B. bls. 110), höfðu verið auglýstar í norðanblöðunum þær reglur, sem ráðið mundi byggja tillögur sínar á um útbýtingu þess fjár, sem veitt er til eflingar búnaði á árinu 1882 og ætlað er búnaðarfjelögum. Nú voru fram lagðar skýrslur og bónarbrjef frá 14 búnaðarfjelögum í norður- og austurumdæminu, en vanta frá nokkrum, sem amtsráðinu er kunnugt um að til sju, og rjedi ráðið til, að þessum 14 fjelögum yrði veittur fylgjandi styrkur eptir framkvæmdum hvers þess:

1.	Framfarafjelagi	Grýtubakkahrepps	206kr.
2.	Búnaðarfjelagi	Hjaltastaðahrepps	30 —
3.	—	Skútustaðahrepps	66 —
4.	—	Ljósavatnshrepps	117 —
5.	—	Vallahrepps (S. Ms)	40 —
6.	—	Fellahrepps	35 —
7.	—	Helgastaðahrepps	103 —
8.	—	Bægisársóknar	101 —
9.	—	Breiðdalshrepps	23 —
10.	—	Fljótsdælinga	94 —
11.	—	Arnarneshrepps	30 —
12.	Framfarafjelagi	Saurbæjarhrepps	135 —
13.	—	Öngulstaðahrepps	166 —
14.	Búnaðarfjelagi	Svínavatnshrepps	180 —
			Samtals 1326 —

Þær 674 kr., sem enn eru eptir, rjedi amtsráðið til, að legdist fyrst um sinn til búnaðarsjóðs norður- og austuramtsins, til útblutunar milli þeirra búnaðarfjelaga, er síðar munu senda bónarbrjef með skýrslum til ráðsins.

Fleiri mál komu eigi til umræðu á þessum fundi, og var svo fundi slitið.

Akureyri, 20. dag októbermánaðar.

J. Havsteen.

settur.

229

Ágrip

af reikningum nokkurra sjóða, sem eru undir umsjón biskupsins, 1882.

I. Prestaekknasjóðurinn.

	Tekjur.	Kr. A.
1. Sjóður við árslok 1881		15080 58
2. Árstillög og gjafir:		kr. a.
	Flyt	15080—58